

Verkefnastjóri

Háskóla Vestfjarða leitar að verkefnastjóra í 25% starf. Staðan er tímabundin til eins árs með möguleika á framlengingu.

Verkefnastjórinn sinnir textaskrifum og vinnu við vefsíðu og heldur utan um ráðstefnur og aðrar uppákomur hjá Háskóla Vestfjarða.

Verkefnastjórinn tekur þátt í þróunarstarfi Háskóla Vestfjarða, hann mun vinna í litlu teymi en þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

Starfssvið

- Textaskrif, m.a. í sambandi við uppfærslu vefsíðu
- Utanumhald um ráðstefnur og aðrar uppákomur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Innsæi og metnaður í starfi

Umsjónarmaður málstofu í ritgerðasmíði (Writing Centre)

Háskóla Vestfjarða leitar að umsjónarmanni fyrir málstofu í ritgerðasmíði (Writing Centre) í 5% starf. Hægt er að gera verkefnasamning um samsvarandi tímafjölda. Staðan er tímabundin til 31.07.2015.

Umsjónarmaðurinn leiðbeinir nemendum í meistaranámi við ritgerðarskrif á ensku, bæði varðandi málfar og uppbyggingu rannsóknaritgerða. Umsjónarmaðurinn þarf að geta unnið sjálfstætt og verður að vera nokkuð sveigjanlegur varðandi vinnutímann.

Starfssvið

- Umsjón með málstofu í ritgerðasmíði (Writing Centre)

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða. Umsókninni fylgi skrá yfir birtingar.
- Skilningur á mismunandi rannsóknaraðferðum
- Sérlega góð og sérhæfð kunnátta í ensku (English for academic purposes)
- Reynsla af því að læra annað tungumál eða að skrifa/birta á öðru tungumáli
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður í starfi

Upplýsingar um störfin veitir Peter Weiss forstöðumaður í síma 450 3045

Umsóknarfrestur er til og með 23.10.2014

Umsóknir sendist á weiss@uwestfjords.is